MENNING



Morgunblaðið/Sverrir

Nordic Affect skipa Halla Steinunn Stefánsdóttir og Julia Fredersdorff barokkfiðluleikarar, Hanna Loftsdóttir barokksellóleikari, Karl Nyhlin lútuleikari og Guðrún Óskarsdóttir, semballeikari.

Händel á Ítalíu

„HÄNDEL á Ítalíu“ er yfirskrift tónleika kammerhópsins Nordic Affect í Þjóðmenningarhúsinu í kvöld kl. 19.30. Þar syngur heimsþekkt sópransöngkona, sérfræðingur í túlkun barokktónlistar, Susanne Rydén, með NoA. Hópurinn flytur veraldlegar kantötur eftir Händel auk óperuaría eftir Alessandro Scarlatti sem sjaldan hafa heyrst hér á landi. Susanne Rydén hefur á síðustu árum skipað sér í fremstu röð túlkenda barokk- og klassískrar tónlistar og unnið með stjórnendum á borð við Nikolaus Harnoncourt, Joshua Rifkin og Christhopher Hogwood.

Hópurinn er skipaður innlendum og erlendum hljóðfæraleikurum sem allir hafa lokið námi í flutningi tónlistar á frumhljóðfæri og hefur hann leikið í Danmörku, á Íslandi og í Hollandi og fengið mjög góðar viðtökur.

Vel fluttar sálumessur

Tónlist

Hallgrímskirkja


Mótettukór Hallgrímskirkju – Requiem eftir Ildebrando Pizzetti og Gabriel Fauré

★★★☆☆

Hallgrímskirkja á Allra heilagra messu, 4. nóvember, kl. 17. Stjórnandi: Hörður Áskelsson. Ásamt kórnum komu fram Marta Guðrún Halldórsdóttir, sópran, Benedikt Ingólfsson, bassi, Elísabet Waage, harpa, Björn Steinar Sólbergsson, orgel, og karlakór Schola cantorum sem söng í einum kafla Pizzettis.

ÞAÐ var full Hallgrímskirkja sem hlýddi á tónleika Mótettukórsins, enda hefur kórinn fyrir löngu skipað sér sess sem einn af betri blönduðu kórum landsins. Einnig var efnisvalið spennandi, Requiem eftir Ildebrando Pizzetti, sem hefur ekki verið flutt áður hér á landi, og svo aftur Requiem Gabriels Faurés, sem hefur oft verið flutt í heild sinni í kirkjum landsins, en kaflar úr verkinu eru einnig vinsælir til flutnings einir og sér. Tónleikarnir byrjuðu á sálumessu Pizzettis, sem er samin fyrir stóran kór án undirleiks. Flutningurinn var góður, kórinn var mjög samstilltur í dýnamík og var hljómur hans á stundum svo hreinn og tær að minnti helst á englaraddir og átti ómfagur sópraninn stóran þátt í því. Þó virðist kórinn því miður gjalda fyrir hinn hvimleiða skort á körlum í blönduðum kórum, því oft vantaði upp á þéttni karlraddanna, sérstaklega tenórsins, sem var oft rétt undir tóninum í innkomum í rólegri köflum en gjarnan of hár þegar kórinn söng í forte. Því var karlakór Schola cantorum kærkomin viðbót við samhljóm kórsins í sanctuskaflanum, þar sem Pizzetti skrifar inn annan kór. Minna bar á þessu í sálumessunni eftir Fauré, enda bættist þar við undirleikur; Björn Steinar Sólbergsson, orgel, og Elísabet Waage, harpa, sem bæði skiluðu sínu hlutverki með ágætum. Marta Guðrún Halldórsdóttir brá sér í hlutverk hins fíngerða drengjasóprans í hinni vinsælu Aríu Pie Jesu og naut tærleiki raddar hennar sín vel. Söngur Benedikts Ingólfssonar var einnig góður og rödd hans hljómmikil, með björtum yfirtónum.

Ólöf Helga Einarsdóttir



„ÞAR SEM HÁIR HÓLAR”

HÁTÍÐARSAMKOMA Í TILEFNI AF 200 ÁRA FÆÐINGARAFMÆLI JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR

Þann 16. nóvember verða 200 ár liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar, þjóðskáldsins góða og eins fyrsta náttúrufræðings Íslendinga.

Af því tilefni verður haldin hátíðarsamkoma í Þjóðleikhúsinu undir yfirskriftinni „Þar sem háir hólar”. Í dagskrá hátíðarsamkomunnar verða flutt verk Jónasar í bundnu máli og lausu og tónlist tengd kvæðum hans, og minning hans heiðruð með ýmsum hætti. Meðal þátttakenda verða landsþekkt skáld, leikarar og hljómlistarmenn, svo og þrír kórar ungmenna.

Samkoman er ókeypis og öllum opin meðan húsrúm leyfir, en gestir þurfa að nálgast aðgöngumiða í Þjóðleikhúsinu fyrir miðvikudagskvöld.

Menntamálaráðherra flytur ávarp og afhendir verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á Degi íslenskrar tungu.
Dagskráin verður sýnd beint í Ríkissjónvarpinu föstudaginn 16. nóvember kl. 19:15.

GLEÐILEGA HÁTÍÐ



Morgunblaðið/Kristinn

Úthverfa, innhverfa

Myndlist

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsið

Hreinn Friðfinnsson – yfirlitssýning

Til 27. janúar 2008. Opið alla daga kl. 10–17. Aðgangur 500 kr. Eldri borgarar og öryrkjar 250 kr. Hópar (10+) 250 kr. Yngri en 18 ára: ókeypis. Ókeypis á fimmtudögum. Sýningarstjóri: Kitty Scott. Umsjón með uppsetningu í Hafnarhúsi: Ólöf K. Sigurðardóttir.

SÝNINGARGESTUM kann að bregða við og halda að þeir séu um það bil að hnjóta um, eða stíga ofan á tærnar á svörtum karlmannsskó sem birtist skyndilega neðst á sjónhimnunni þegar gengið er inn í F-sal á efri hæð Hafnarhússins. Þetta reynist vera verkið *Par* (2005) eftir Hrein Friðfinnsson (f. 1943) sem er þarna við innganginn. Hreinn hefur verið fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum og öðlast viðurkenningu á alþjóðlega vísu. Yfirlitssýning á verkum hans stendur nú yfir í Listasafni Reykjavíkur og eru þar sýnd sömu verk og á sýningunni sem sló öll aðsóknarmet í hinu virta Serpentine-galleríi í Lundúnum nú í sumar. Samhengið er auðvitað annað núna: samspil við annars konar sýningarrými og heimalandið, sem svo mjög hefur mótað tilurð verkanna og þar sem margir þekkja til verka listamannsins. Á sýningunni, sem er í sölum E og F, má sjá ljósmynda- og textaverk, lágmyndir, skúlptúra auk þess sem fundnir hlutir af ýmsu tagi mynda uppistöðuna í mörgum verkanna.

Skórinn virðist í fyrstu stakur, af vinstri fæti – en reynist eiga sér samsvörun í fleiri en einum skilningi auk þess að vísa í skó sem listsögulegt myndefni manna eins og van Gogh, Magritte og Warhol. Samhverfa/andhverfa, spegilmynd, samræmi, endurtekning, jafnvægi: þetta eru lykilatriði í þeirri hljóðlátu, hárfínu íhugun sem verkin eru sprottin af. Val og uppsetning verkanna endurspeglar einnig slíkar áherslur. Til dæmis er eins konar spegilportrett Hreins af sjálfum sér tvítekið líkt og mætist innhverfa og úthverfa; sama má segja um hendur sem virðast teygja sig niður að óræðum mörkum til móts við spegilmynd sína, sem er í senn fjarlæg og rétt innan seilingar, auk þess að skírskota til freskunnar eftir Michelangelo í sixtínsku kapellunni.

Fleiri verk eiga sér samsvörun í öðru, eða öðrum verkum af líkum toga annars staðar í rýminu: svo sem pappakassarnir, sem í er fólgin þrívíð vísun í geómetríska afstraksjón; dularfullar, samsettar myndir sem tengjast Miðjarðarhafi; lágmyndir sem leika á sjónskynjun áhorfandans; fluguhnýtingar og ýmsar þyrpingar af doppum, dropum eða sexstrendingum. Endurtekningin býr einnig innan einstakra verka; hún myndar eins konar umgjörð utan um innri leik eða átök sem lúta að sjónrænum og fagurfræðilegum ígrundunum.Ytra rými fer t.d. á flug í verkum sem bera heitið *Ker* (2002) og

afstrakt-expressjónisminn leikur lausum hala í hinu annars agaða og minímalíska verki *Svif* (2000).

Leikurinn er sterkur þráður á sýningunni og listamaðurinn kemur sýningargestum ítrekað skemmtilega á óvart. Raunar þurfa þeir að setja sig á köflum í nokkurs konar einkaspæjarastellingar – svo að minnir á manninn sem gægist út um gluggann í *Sjö sinnum* (1978/79) – í leit að því sem ekki blasir við í fyrstu og því sem er af óáþreifanlegan toga. Leikurinn gerist á mörkum hins óræða og dulda, tilhögun sýningarinnar ýtir undir það. Listamaðurinn skorar á sýningargesti að láta honum í té sín innstu leyndarmál og varpa þeim þannig – spegla þau – yfir í eigin hugardjúp.

Það er óhlutbundin fegurð, í ýmsum skilningi, sem virðist Hreini einkum hugleikin og hann miðlar til áhorfandans af óbrigðulu ljóðrænu innsæi. Bygging verkanna er að hluta fólgin í óefniskenndum þáttum, ekki síst birtu og skuggamyndum. Listamaðurinn leitast við að fanga hið óhöndlanlega: regnbogi líkt og fellur um stund í lófa hans; hann framkallar himin og jörð í einni andrá eða færir heiminn allan „inn“ í hús eða kallar einfaldlega fram myndina af heiminum/hlutnum í huga okkar – hvernig hann getur rúmast í hugtakinu.

Verk Hreins eru vettvangur margslungins merkingarspils sem tengist skynjun og hugsun, dulvitund, minningum og tungutaki, en rannsókn á því hvernig tungumálið mótar vitundina er veigamikill þáttur verkanna. Hreinn fæst við síkvika merkingu texta í orðaleikjum, frásögnum, þjóðsögum og ýmsum bókmenntatextum, eins og hún birtist í íslenskri menningarvitund. Titlarnir, ýmist á ensku eða íslensku, eru mikilvægur hluti verkanna; samspil myndar og texta/titils í verki eins og *So Far* opnar endalausar merkingarvíddir.

Uppsetning sýningarinnar gengur vel upp, hún stuðlar að því að virkja skilningarvitin og fá þau með í leikinn. Stiklað er á stóru og kannski fremur við hæfi að ræða um endurlit fremur en hefðbundna yfirlitssýningu; endurlit sem felur í sér skemmtilegt sjónarhorn og túlkun á ferli þessa frjóa og snjalla listamanns.

Anna Jóa